

**Ársfundur Eftirlaunasjóðs Félags Íslenskra
atvinnuflugmanna Haldin fimmtudaginn 24. maí 2012 kl.
14:00 í húsakynnum FÍA Hlíðarsmára 8.**



Haukur Reynisson stjórnarformaður Eftirlaunasjóðs Félags Íslenskra atvinnuflugmanna setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Jón Þ Þorvaldsson Flugstjóri yrði kosin fundarstjóri og Snædís Ögn Flosadóttir Eignastýringu Arion banka myndi rita fundargerð. Tillagan var samþykkt.

1. Skýrsla stjórnar

Haukur Reynisson stjórnarformaður fór yfir skýrslu stjórnar. Alls greiddu 562 sjóðfélagar í sjóðinn og hækkuðu greiðslur um 16,2%. Lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum hækkuðu um 1,2% og námu 693 milljónum króna en lífeyrisþegar voru 157 á árinu.

Hrein ávöxtun á eignum sjóðsins var 2,37% að raunvirði á árinu 2011. Samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings er halli á heildarskuldbindingu nú 10,2%.

Þá fór Haukur yfir það að þann 17 mars 2009 var sjóðnum skipaður umsjónaraðili af Fjármálaráðuneytinu og vék stjórnin frá störfum á meðan umsjónaraðili starfaði. Sjóðnum var skilað aftur til réttkjörinnar stjórnar og framkvæmdastjóra þann 1 júlí 2009, án athugasemda. Á árinu 2011 hætti sérstakur saksóknari ransókn á þeim málum er snerta lífeyrissjóðinn. Sú ákvörðun var kærð af Fjármálaeftirlitinu til ríkissaksóknara sem tók þá ákvörðun um að vísa málinu aftur til ransóknar hjá Sérstökum saksóknara. Engin niðurstaða er komin í þá rannsókn, engar kærur hafa verið birtar og engin stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri hefur stöðu grunaðs í málinu.

Því næst fór Haukur yfir þá breytingu er varð á rekstri sjóðsins nú um áramótin er sjóðurinn flutti bæði rekstur og stýringu til Arion banka. Í máli hans kom fram að í lok árs hafi Landsbanki Íslands óskað eftir heildarendurskoðun á samningi við sjóðinn. Stjórn ákvað þá að fara í útboð á stýringu og rekstri sjóðsins og í maí 2011. Niðurstaðan úr því var samningur við Arion banka og átti undirritun sér stað 3. nóvember síðastliðin. Arion banki tók formlega við rekstrinum í byrjun árs 2012. Þjónusta við sjóðfélaga er í útibúi Arion banka við Hlemm og bjóðast sjóðfélögum sérkjör á bankaviðskiptum óski þeir þess, jafnframt fylgir aðgangur

að heimabanka Arion banka breytingunni og þar með betri upplýsingar fyrir sjóðfélaga.

Þá fór Haukur yfir eignastýringu sjóðsins og fjárhagslega áhættustjórnun. Líkt og fram hefur komið annast Arion banki nú eignastýringu sjóðsins og leitast hann við að annast ávöxtun fjármuna sjóðsins með sem hagkvæmustum hætti og virkri eignastýringu. Stjórn sjóðsins hefur haft eftirlit með ráðstöfun eigna sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktir sjóðsins og starfsreglur stjórnar.

Að lokum fór Haukur yfir helstu áhrifaþætti á afkomu og rekstur sjóðsins í náinni framtíð. Í máli hans kom fram að gjaldeyrishöft, takmarkað framboð á viðunandi fjárfestingakostum, aukin kostnaður eftirlitsaðila og pólitískur þrýstingur á lífeyrissjóði um að þeim beri að afskrifa innheimtanlegar skuldir geri þeim erfitt fyrir. Að auki þarf að hafa til hækkandi lífaldurs þegar framtíð sjóðsins er metin. Þegar staðan er skoðuð í samræmi við þetta sést að nauðsynlegt er að skerða réttindi líkt og tryggingastærðfræðingur hefur lagt til og farið verður betur yfir það undir öðrum dagskrárlið fundarins.

2. Kynning ársreiknings

Haraldur Yngvi Pétursson framkvæmdastjóri fór yfir ársreikning sjóðsins. Haraldur byrjaði á því að kynna sig en hann tók við sem framkvæmdastjóri sjóðsins í janúar á þessu ári samhliða flutning sjóðsins til Arion banka.

Haraldur fór yfir breytingu á hreinni eign milli ára en breytingin þar er jákvæð um 9,7%. Töluverð breyting er á rekstarkostnaði milli ára en ástæðan fyrir því er meðal annars sérstakur skattur sem ríkið lagði á sjóði sem og árangurstengd þóknun til Landsbanka Íslands vegna síðasta árs.

Þá fór Haraldur yfir efnahagsreikning og sjóðsstreymi sjóðsins vegna ársins 2011. Ekki miklar breytingar á efnahagsreikningi milli ára en helst má nefna breytingu í bréfum með breytilegum tekjum og sjóði og veltiinnlánnum sem tengist flutningi sjóðsins til Arion banka. Hvað varðar sjóðsstreymi var stærstum hluta ráðstafað til kaupa á verðbréfum með breytilegum tekjum.

Í skýringum ársreiknings er lítil breyting á ellilífeyrisgreiðslum en mestu breytingarnar voru á örorku og barnalífeyri milli ára. Þegar tryggingafræðileg staða er skoðuð má sjá að framtíðarskuldbinding er nánast í jafnvægi sem gefur vísbindingar um það að réttindaávinnsla þeirra sem greiða inn í sjóðinn sé eðlileg. Áfallinn staða er hins vegar neikvæð um 16,1% í lok árs.

Þá fór Haraldur yfir helstu kennitölur en fjöldi greiðandi sjóðfélaga breytist lítið en töluverð aukning hefur orðið í fjölda lífeyrisþega. Hrein raunávöxtun var 2,3% á síðasta ári en meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðinn 10 ár er -4,6%. Til samanburðar fór Haraldur einnig stuttlega yfir samantekt á raunávöxtun og tryggingafræðilegri stöðu annara lífeyrissjóða.

3. Fjárfestingastefna

Marinó Örn Tryggvason forstöðumaður Eignastýringar fagfjárfesta fór yfir fjárfestingastefnu sjóðsins og þróun markaða á árinu 2011.

Í máli Marinó kom fram að ávöxtun á síðasta ári hafi verið þökkaleg og ef horft er á markaði þá eru þeir smám saman að lagast. Samt sem áður er krónan að veikjast um 5% á síðasta ári og jafnframt endaði verðbólga ársins í um 5%. Þessir tveir þættir skipta sjóðinn miklu máli.

Þá fór Marinó yfir samanburð á verðtryggðum og óverðtryggðum skuldabréfum en mikill munur var þar á milli á síðasta ári. Af því má sjá að það er ekki sjálfgefið að ríkisbréf skili jákvæðri ávöxtun. Það skiptir því miklu máli hvernig skuldabréf fjárfestar eiga en ekki eingöngu að bréfin séu gefin út af ríkinu.

Marinó fór yfir þróun innlendra hlutabréfa en hækkun hefur verið á flestum innlendum félögum. Vísitalan lækkar þó á árinu og má rekja það til þess að önnur félög sem eru skráð á markað hér á landi, svo sem BankNordik, hafa lækkað töluvert á móti. Hvað varðar erlend hlutabréf þá hafa verið lækkanir á mörkuðum erlendis en þó ekki jafn dramatískar lækkanir og ætla mætti að af fréttáflutningi.

Þá fór Marinó stuttlega yfir það sem af er árinu 2012 og hvaða fjárfestingar Eignastýring hefur gert fyrir sjóðinn á þeim tíma. Í máli hans kom fram að ávöxtun sjóðsins á markaðsvirði hefur verið um 4,7% að nafnvirði frá áramótum en 2,09% að raunvirði. Ef horft er á ávöxtun út frá kaupkröfu líkt og samtryggingasjóður gerir þá er ávöxtun að nafnvirði 4,6% en 1,8% að raunvirði. Helstu fjárfestingar skuldabréfa voru kaup á HFF44 og í verðtryggðum ríkisskuldabréfasjóðum, jafnframt hefur verið keypt í sérvörðum skuldabréfum Arion banka og Íslandsbanka sem og skuldabréf útgefið af Icelandair. Þá fór Marinó yfir breytingu í samsetningu erlenda hlutabréfasafnsins sem og hlutafjárukningu í Jarðvarma og kaup í innlendum félögum.

Að lokum fór Marinó yfir fjárfestingastefnu sjóðsins, eignasamsetningu með tilliti til stefnu og vikmarka sem og þær litlu breytingar sem gerðar hafa verið á stefnunni. Sjóðurinn er með um 10-15% meira vægi í ríkisskuldabréfum en meðalsjóður í landinu. Þá er hlutfall skuldabréfa fyrirtækja í sjóðnum 6,4%. Hvað

varðar breytingar á fjárfestingastefnu þá hafa heimildir til fjárfestinga í ríkisbréfum verið hækkaðar. Jafnframt hafa vilmörk fasteignaveðtryggða hlutans verið rýmkuð þar sem sú fjárfesting er í raun sú eina sem sjóðfélagar stýra alfarið sjálfir og því eðlilegt að rúmar skorður séu á þeim parti.

Marinó þakkaði áheyrnina og fundarstjóri opnaði á spurningar frá sjóðfélögum.

Fyrstur tók til máls Ámundi Ólafsson og vildi hann ítreka nú sömu fyrirspurnir og hann hafði borið upp á síðasta ársfundi. Önnur fyrirspurnin sneri að því hvaða þóknun Landsbankinn fengi greidda árlega fyrir að annast rekstur sjóðsins. Hin fyrirspurnin var hver umsýsluþóknun Landsbankans hefði verið vegna fjárfestinga EFÍA í verðbréfasjóðum í rekstri Landsbankans. Ítarleg og góð svör bárust frá þáverandi framkvæmdastjóra sjóðsins þann 5. ágúst 2011. Svör voru á þá leið að EFÍA ætti í 14 sjóðum, þar af væru 7 þeirra reknir af Landsbankanum. Þá fylgdu jafnframt svör um það þóknun ársins lægi ekki fyrir en áætla mætti að hún yrði um 17 milljónir. Gerði því Ámundi Ólafsson athugasemd við það nú að samkvæmt ársreikningi væri allt önnur þóknun greidd til Landsbankans og mun hann leggja fram samskonar fyrirspurn til Arion banka nú og hann lagði fyrir Landsbankann á síðasta ári og væntir hann skilmerkilegra svara bæði hvað varðar þóknun til bankans og jafnframt þóknunatekjur sem bankinn fær í gegn um sjóði sem fjárfest er í. Að lokum skoraði Ámundi Ólafsson á stjórn að halda upplýsingafundi með þeim sjóðfélögum sem nú þiggja skertan lífeyri.

Haukur stjórnarformaður svaraði því til stjórnin tæki þetta til sín og myndi skoða hvort ekki væri rétt að halda upplýsingafundi . Hvað varðandi kostnað og árangurstenda þóknun til Landsbankans þá er árangurstengd þóknun einungis birt í ársreikningi. Spurningum um undirliggjandi þóknunir þá eru þá reikna verðbréfafyrirtæki þær af ávöxtun og því eru þær ekki birtar í ársreikningi. Fyrrum framkvæmdastjóri sjóðsins hafi hins vegar svarað þeirri fyrirspurn. Ámundi Ólafsson spurði þá hvort ekki væri ástæða til að koma slíkum upplýsingum á framfæri í takt við meira gagnsæi sjóðsins og skoraði hann á stjórn að birta yfirlit er sýndi undirliggjandi þóknunir.

Þá barst fyrirspurn frá Jóhanni Sigfússyni. Tvennt kom honum mjög á óvart, ávöxtun eigna sjóðsins þótti honum lág og jafnframt furðaði hann sig á þessum mikla skatti sem ríkið hefur nú lagt á sjóðinn.

Haukur stjórnarformaður svaraði fyrirspurn Jóhanns um skatt þann er lagður hefur verið á lífeyrissjóði. Breyting á lögum um lífeyrissjóði fór í gegn um þingið á síðasta ári. Samkvæmt þeim er ríkinu þetta heimilt. Sjóðurinn greiddi 15 milljónir í skatt á síðasta ári og von er á hærri skattgreiðslu á þessu ári.

Marinó svaraði fyrirspurn Jóhanns um ávöxtun eigna. Ávöxtun eigna ræðst einkum af markaðsaðstæðum og nú er um helmingur eigna sjóðsins í ríkisskuldabréfum. Í dag gefa verðtryggð bréf hæstu ávöxtunina en hún er þó einungis um 2,7% svo væntingar um hærri ávöxtun eru langsóttar. Þau 2,7% sem vænta má eru undir 3,5% reglu þeirri er lífeyrissjóðirnir búa við og má því reikna með að ávöxtunarmhverfi lífeyrissjóðana verði erfitt í gjaldeyrishöftum þar sem ekki er hægt að leyta út fyrir landsteinana með fjárfestingar. Jóhann bar þá upp fyrirspurn varðandi verðbréfasjóð sem honum hafi verið boðin og hann taldi að fullyrta hefði verið að slíkur sjóður myndi skila honum 10% ávöxtun. Svaraði Marinó því til að þarna væri vafalítið um að ræða verðbréfasjóð sem hefur gefið 10% ávöxtun á síðastliðnu ári, ekkert væri hins vegar hægt að fullyrða um ávöxtun framtíðar út frá því.

Haraldur bætti þá við fyrra svar um skattlagningu lífeyrissjóðanna. Í máli hans kom fram að ríkið hefði boðið lífeyrissjóðunum að ef þeir tækju þátt í gjaldeyrisútboði Seðlabankans yrði skattlagningin felld niður og endurgreidd á næsta ári. Lífeyrissjóðirnir tóku almennt þátt og uppfylltu þannig sinn hluta af samkomulaginu. Hins vegar er ekki komið að næstu breytingu á lögum um lífeyrissjóði og eigum því eftir að sjá samkomulagið verða að veruleika.

Fyrirspurn barst frá Guðmundi Sigurðssyni varðandi það hvort stjórn EFÍA hefði eitthvað skoðað fjárfestingar hjá verðbréfafyrirtækinu Gamma en þar væri að hans mati afar góð þjónusta og virk stýring á skuldabréfasjóðum. Þá spurði hann einnig hversu virk stýring væri á sjóðum Arion banka og hvort EFÍA væri bundinn við það að fjárfesta í þeim.

Marinó svaraði því til að það hefði verið skoðað og það kæmi til greina að fjárfesta í sjóðum Gamma líkt og annara fjárfestingaraðila. Hvað varðar eignastýringu á skuldabréfahlutanum þá vinnur eignastýring eftir langtímagreiningu þar sem horft er fram um 2-3 ár og um 80-90% af skuldabréfasafninu er tengt þeirri greiningu. Í dag er unnið eftir því að gjaldeyrishöftin séu komin til að vera og fyrir vikið verði mun meiri eftirspurn eftir fjárfestingarkostum en framboð og neikvætt framboð af opinberum skuldabréfum. Samhliða því eru líkur á því að verð eigna muni hækka og verðbólga aukast. Í ljósi þessa hefur verið lögð áhersla á það að kaupa langa verðtryggða tekjustrauma svo sem ríkistryggð verðtryggð skuldabréf og fasteignir. Í þessu felst virk stýring en ekki endilega mikil velta. Hinum 10-20% safnsins er svo stýrt með mun virkari hætti og þá oft á tíðum með kaupum í skuldabréfasjóðum. Sem dæmi má nefna að nýjar verðbólgutölur komu í dag og var þá brugðist við því. Gamma er ungt félag með um 2-3 ára sögu og tók Marinó undir það að margt sem þeir eru að gera hljómi vel enda væru þeir til skoðunar

líkt og aðrir sjóðir. Það hefur hins vegar verið skoðun Eignastýringar að það sé heillavænlegra fyrir lífeyrissjóði af þessari stærðargráðu að vera með minni veltu og horfa til lengri tíma þegar kemur að fjárfestingakostum og stýringu.

4. Tryggingafræðileg úttekt

Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur fór yfir tryggingafræðilega athugun á sjóðnum fyrir árið 2011. Í máli hans kom fram að áfallin staða sjóðsins væri neikvæð um 16,1% og neikvæða staðan hefði versnað miðað við ávöxtunartölur. Ef hins vegar horft væri á framtíðarstöðuna þá er hún jákvæð um 0,6% sem er afar gott. Þá tók Vigfús fram að eins af forsendum þessara útreikninga væru lífslíkur sem byggja á fimm ára tímabili í fortíðinni. Lífslíkur þessar eru uppfærðar reglulega og segir reynslan sínir að að skuldbindingar lífeyrissjóða aukast við það. Vigfús fór því næst yfir heildarstöðun en þar er hallinn 10,2%. Lög um lífeyrissjóði segja að þessi staða megi ekki fara niður fyrir -5% gerist það er lífeyrissjóðnum skylt að skerða réttindi. Nú er hins vegar í gildi bráðabirgðarákvæði er heimilar lakari stöðu tímabundið. Það ákvæði fellur úr gildi á næsta ári.

Þá fór Vigfús yfir breytingar á áfallinni stöðu og skýringar á þeim breytingum en helsta breytingin er hækkun á örorkulífeyri um 42%.

Að lokum fór Vigfús yfir tillögur stjórnar um skerðingu áunna réttinda um 9% á þessu ári, sem væri í takt við hans ráðleggingar, og jafnframt að ef heildarstaða sjóðsins væri enn neikvæð í lok ársins 2012 þá verði skert niður að núlli. Í máli hans kom fram að þessi tillaga þýddi það að áfallin staða færi í -7,8% að óbreyttu.

Ámundi Ólafsson þakkaði Vigfúsi fyrir erindið og bar upp spurningu varðandi það hvers vegna starfandi flugmenn væru að greiða inn hærra iðgjald en þeim bæri þegar það eina sem þeir gætu búist við væru skerðingar réttinda. Jafnframt bar hann upp spurningu um það hvers vegna lífeyrissjóðirnir berðust fyrir því að halda verðtryggingunni. Vigfús svaraði því til að allir lífeyrissjóðir landsins berðust fyrir því að tryggja réttindi sinna sjóðfélaga. Þegar hann talaði um að verðtryggingin væri verstí óvinur lífeyrissjóðana væri hann að vísa til þess að verðtryggingin væri eins og klafi á stjórnir sjóðanna þar sem þeir verða stöðugt að standa undir verðbólgunni. Heillavænlegra væri, að hans mati, að greiða sömu upphæð mánaðarlega í gegn um verðbólgutímabil í stað þess að hækka mánaðarlegan ellilífeyri í takt við verðbólgu til þess eins að þurfa svo að skerða réttindi. Haraldur bætti því að skuldbindingar lífeyrissjóðanna væri verðtryggðar en eignirnar gætu ekki verið að fullu verðtryggðar. Þarna myndaðist því misvægi sem ekki væri til

staðar ef ekki væri fyrir lögbundin verðtrygging á lífeyrisgreiðslum. Ámundi spurði þá hvort það væri almennt vilji lífeyrissjóðanna að afnema verðtryggingarákvæði í lögunum en halda inni verðtryggðum sjóðfélagalánnum. Haukur svaraði því til að það væri almennt vilji þeirra er reka lífeyrissjóði í dag að vertryggingarákvæðið verði fellt niður. Hvað varðaði lánsfé lífeyrissjóðsins þá hefur verið umræða um það hvort sjóðurinn ætti að bjóða uppá óverðtryggð sjóðfélagalán. Stjórn hefur hins vegar ekki hugnast það þar sem réttindi sjóðfélaga eru verðtryggð.

Jóhann Sigfússon bar upp fyrirspurn. Síðast á árinu 1981 sáum við 100% verðbólgu. Hvernig hefði slíkt farið með lífeyrir sjóðfélaga. Marinó svaraði því til að slíkt hefði slæm áhrif en það þarf að horfa á eignirnar á móti og ávöxtun þeirra í slíku umhverfi. Ef horft væri á heildarkerfið þá væru útgefin verðtryggð skuldabréf um 1000 milljarðar en heildareignir lífeyrissjóðana um 2000 milljarðar. Lífeyrissjóðir eiga ekki öll útgefin verðtryggð skuldabréf. Í dag væri því hægt að áætla að um 30-40% af lífeyriskerfinu í verðtryggðum eignum. Ef hér kæmi 100% verðbólga myndu réttindi hækka um 100% en ávöxtun um 30-40% svo þarna kæmi til skerðing vegna mismunarins.

Herdís dóttir bar fram spurningu til Vigfúsar varðandi forsendur útreikninga og hvaða áhrif það myndi hafa ef samsetning hópsins breyttist. Þá spurði hún jafnframt út í það hvort rétt væri að forsendur útreikninga miðuðu við að sjóðfélagar greiddu í sjóðinn til 65 ára aldurs og hver væri raunverulegur meðalaldur sjóðfélaga þegar þeir hætta að greiða inn til sjóðsins. Þá beindi hún spurningu til stjórnar varðandi makalífeyririnn, hvort það væri ekki hreinlega tímaskekkja að greiða ævilangan ellilífeyri og hvaða áhrif það myndi hafa á skerðingar sjóðsins ef þessu ákvæði í samþykktum yrði breytt.

Vigfús svaraði fyrri spurningunni á þá leið að réttindatafla háð aldri en óháð kyni þar sem gert er ráð fyrir sama lífaldri. Við útreikninga nú hafi hann reiknað með sjóðfélagasamsetningu 95% karla og 5% kvenna. Jafnframt svaraði hann því til að miðað við núverandi reglur þá breytti það ekki svo miklu ef konum fjölgaði í sjóðnum. Breytingin sneri helst að því að þá myndi mökum á makalífeyri fækka. Hvað varðar aldur sjóðfélaga þegar þeir hætta að greiða í sjóðinn þá er það nánast undantekningarlaust að flugmenn fljúga og greiða í sjóðinn til 65 ára aldurs. Frávik frá þeirri reglu myndi að auki ekki hafa áhrif á útreikninga þar sem að ef sjóðfélagi hættir að greiða 60 ára gamall í stað 65 ára þá lækka greiðslurnar til hans sem því nemur.

Haukur svaraði spurningu Herdísar um makalífeyri á þá leið að vissulega væri það orðið mun algengara í dag báðir aðilar hjónabands skapi sér rétt til lífeyris og sjálfur væri hann sammála því að þetta bæri að taka til skoðunar. Hins vegar væri það svo að árið 2008 voru lagðar fram tillögur að breytingum á samþykktum hvað þetta varðaði og voru þær tillögur kolfelldar af sjóðfélögum í atkvæðagreiðslu. Það breytir þó ekki því að breyting á þessu ákvæði samþykktanna myndi ekki breyta áfallinni stöðu, einungis framtíðarstöðu.

Jóhann Sigfússon bar upp spurningu varðandi launaseðla lífeyrisþega. Hann vildi gjarnan fá upplýsingar um launaútreikninga á launaseðli en hefði ekki fengið slíkan í nokkurn tíma. Haraldur svaraði því til að launaseðlar birtast nú rafrænt í heimabanka sjóðfélaga. Við breytinguna var sett inn frétt á heimasíðu sjóðsins og sjóðfélögum bent á það að vilji þeir frekar fá launaseðil sendan heim væri slíkt sjálfsagt mál og þyrftu þeir þá einungis að óska eftir slíku.

5. Val endurskoðanda

Haukur kynnti val endurskoðanda fyrir næsta ár. Í máli hans kom fram að nokkuð hefur verið um breytingar á endurskoðendum sjóðsins undafarin ár. Á síðasta ári bauð stjórn sjóðsins út, hagstæðasta tilboði var tekið og skilaði það þó nokkurri lækkun. Stjórn hefur verið ánægð með samstarfið og vinnubrögð PriceWaterhouseCoopers og mælir endurskoðunarnefnd sjóðsins með því að sjóðurinn haldi sig við þá. Engin hækkun verður á þóknun til endurskoðanda á þessu ári, umfram hækkunir í takt við verðlagsbreytingar.

6. Skipun stjórnar

Haukur stjórnarformaður fór yfir skipun stjórnar. Stjórn FÍA skipar í stjórn fyri r hönd stéttarfélagsins og verður engin breyting á þeim stjórnarmönnum. Vinnuveitendur munu jafnframt ekki gera breytingu á þeim mönnum er þeir hafa þegar skipað. Stjórn sjóðsins verður því óbreytt.

Fyrirspurn barst frá Jóhanna varðandi það hve lengi flugmenn sem hafa lagt af störfum sem flugmenn geta setið í stjórn sjóðsins. Haukur svaraði því til að engin takmörk væru á því. Á sínum tíma barst ábending frá sjóðfélögum um það að

engin fulltrú lífeyrisþega sæti í stjórn sjóðsins og hefur Kristján setið í stjórn fyrir þeirra hönd.

7. Laun stjórnar

Haukur fór yfir tillögu að launum stjórnarmanna.

Heildarlaun stjórnar á mánuði:

Formaður	226.525 kr.
Fulltrúar FÍA	169.894 kr.
Fulltrúar atvinnurekanda	61.162 kr.
Varamenn (fyrir hvern fund)	20.387 kr.

Laun endurskoðunarnefndar fyrir hvern fund:

Stjórnarmaður	20.387 kr.
---------------	------------

8. Samþykktarbreytingar

Haukur fór yfir tillögur að samþykktarbreytingum sjóðsins. Það liggur fyrir að sú skerðing sem tryggingastærðfræðingur sjóðsins lagði til dugar ekki til að rétta af stöðuna. Stjórn sjóðsins hefur skoðað vel með hvaða hætti væri best að standa að skerðingunni og var niðurstaðan sú að gera skuli áætlun til tveggja ára sem miðar að því að sjóðurinn verði á núlli að þeim tíma loknum. Skert yrði um 9% nú í samræmi við tillögu tryggingastærðfræðings. Á næsta ári yrði svo framkvæmd skerðing sem kæmi sjóðnum í jafnvægi. Þessi tillaga yrði lögð fyrir á ársfundi og tekin til alsherjaratkvæðagreiðslu. Með þessu er verið að leggja til lýðræðislega aðgerð þar sem sjóðfélagar eru upplýstir um stöðuna og gefin kostur á að kjósa um skerðinguna. Verði samþykktarbreytingin hins vegar felld þá mun sjóðurinn óhjákvæmilega þurfa að skerða að núlli á næsta ári þar sem það mun þá leiða af lögum.

Fyrirspurn barst frá Gylfa Jónssyni. Hann benti á það að honum sýndist sem svo að ef skerðingar sem þessar héldu áfram þá færi það svo að þegar hann næði 106 aldursári væri hann farin að greiða til sjóðsins. Haukur svaraði því til að lögin gengu í báðar átti og því kæmi jafnframt til hækkun þegar vel gengi. Haraldur bætti því við að ef verðbólga yrði viðvarandi líkt og undanfarna áratugi þá hækkuðu lífeyrisgreiðslur jafnt og þétt á móti skerðingum. Það væri því í raun

verið að skerða verðbæturnar ef ekki næðist að halda ávöxtun sjóðsins í takt við verðbólgu.

9. Önnur mál

Að lokum upplýsti Haukur fundinn um að stjórn hefði borist beiðni um samþykktarbreytingu í mars á þessu ári. Samkvæmt reglum sjóðsins þarf beiðni um breytingu á samþykktum að berast fyrir janúarlök og verður því þessi samþykktarbreyting tekin fyrir á næsta ársfundi.

Fundi var slitið kl. 16:15



Snædís Ögn Flosadóttir
Fundarritari



Jón Þ. Þorvaldsson
Fundarstjóri